

Alþingiskosningar 30. nóvember 2024

General elections to the Althingi 30 November 2024

Samantekt

Kosið var til Alþingis 30. nóvember 2024. Við kosningarnar voru alls 268.490 manns á kjörskrá, eða 69,0% íbúa. Af þeim greiddu 215.395 atkvæði eða 80,2% kjósenda. Kosningabátttaka kvenna var 81,2%, karla 79,2% og 69,9% hjá kynsegin/öðrum. Kosningabátttakan var breytileg eftir aldri og var hún minni meðal yngri en eldri kjósenda. Kosningabátttakan var 83,4% meðal einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa á meðan hún var 41,2% meðal innflytjenda. Kosningabátttakan var mest meðal háskólamenntaðra eða 86,8% árið 2024. Þar á eftir komu þeir sem höfðu framhaldsskólamenntun með 81,3% og minnst var kosningabátttakan meðal grunnskólamenntaðra eða 71,1%. Við kosningarnar greiddu 44.965 manns atkvæði utan kjörfundar eða 20,9% kjósenda en sambærilegt hlutfall var 23,4% í kosningunum 2021.

Í kosningunum buðu 11 stjórnálagasamtök fram lista, þar af níu í öllum kjördæmum. Af 1.213 frambjóðendum á landinu öllu voru 643 karlar (53,0%) og 570 konur (47,0%). Voru konur tæplega helmingur frambjóðenda í fyrsta til þriðja sæti listanna (48,1%). Af kjörnum þingmönnum voru 34 karlar, eða 54,0%, og 29 konur, 46,0%. Fækkaði kjörnum konum um eina frá kosningunum 2021

MYND 1

Úrslit alþingiskosninganna 2024

Eftir kjördæmum

	Alls	Norðvestur	Norðaustur	Suður	Suðvestur	Reykjavík suður	Reykjavík norður
Samfylkingin (S)	20,8%	15,9%	21,3%	17,3%	19,3%	22,9%	26,1%
Sjálfstæðisflokkur (D)	19,4%	18,0%	15,0%	19,6%	23,4%	17,6%	17,4%
Viðreisn (C)	15,8%	12,6%	9,4%	11,2%	20,1%	17,7%	16,3%
Flokkur fólksins (F)	13,8%	16,7%	14,3%	20,0%	11,0%	13,5%	11,9%
Miðflokkurinn (M)	12,1%	14,8%	15,7%	13,6%	12,0%	10,5%	8,9%
Framsóknarflokkur (B)	7,8%	13,3%	14,2%	12,0%	5,9%	4,4%	4,0%
Sósíalístaflokkur Íslands (J)	4,0%	3,4%	3,8%	2,4%	2,8%	5,6%	5,9%
Píratar (P)	3,0%	1,8%	1,8%	1,3%	2,8%	3,9%	5,4%
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	2,3%	2,7%	3,8%	1,3%	1,5%	2,9%	2,9%
Lýðræðisflokkur (L)	1,0%	0,8%	0,8%	1,3%	1,1%	1,0%	1,0%
Ábyrg framtíð (Y)	0,0%						0,1%

Úrslit kosninganna 30. nóvember 2024 urðu þau að gild atkvæði voru 212.470 (98,7%), auðir seðlar 2.438 (1,1%) og aðrir ógildir seðlar 308 (0,1%). Sex stjórnmalasamtök hlutu hvert um sig meira en 5% atkvæða og fengu kjörna fulltrúa á þing. Framsóknarflokkur hlaut 7,8% gildra atkvæða og fimm menn kjörna, Viðreisn 15,8% og ellefu þingmenn, Sjálfstæðisflokkur 19,4% og fjórtán þingmenn, Flokkur fólksins 13,8% og tíu þingmenn, Miðflokkurinn 12,1% og átta þingmenn og Samfylkingin 20,8% og fimmtán þingmenn (mynd 1). Önnur stjórnmalasamtök fengu samtals 22.064 atkvæði sem samsvarar 10,4% gildra atkvæða.

Inngangur

Í þessu riti er fjallað um nokkur atriði varðandi framkvæmd alþingiskosninganna 30. nóvember 2024. Gerð er grein fyrir kosningaþátttöku, tölum um kjósendur og greiddum atkvæðum á kjörfundi og utan kjörfundar, kjörsókn eftir aldri svo og aðstoð við kosningu. Fjallað er um frambjóðendur og framboðslista en ellefu stjórnmalasamtök buðu fram að þessu sinni. Loks er niðurstöðum kosninganna gerð skil, gildum og ógildum atkvæðum og skiptingu atkvæða og kjörinna fulltrúa eftir stjórnmalasamtökum og kjördæmum.

Aðstoð við kosningu

Gerðar voru breytingar á kosningalögum með lögum númer 112 um aðstoð við kosningu sem gildi tóku 25. júní 2021. Kjósendur, sem löginn taka til, hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi.

Hagstofan óskaði eftir svörum við eftirfarandi spurningum hjá yfirkjörstjórnnum kjördæma varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og hjá sýslumönnum varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar:

1. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar kjörstjóra við kosningu á kjörfundi?
2. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar aðstoðarmanns sem fylgdi kjósanda á kjörstað?

1.157 kjósendur fengu aðstoð við kosningu

Í heild fengu 1.157 kjósendur aðstoð við að kjósa (mynd 2). Af þessum hópi fengu 361 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 796 á kjörfundi. Alls fengu 748 kjósendur aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (64,6%) en 409 aðstoð fulltrúa að eigin vali (35,4%). Á heildina litið voru örlitlu færri kjósendur sem nú nutu aðstoðar við kosningu en við alþingiskosningarnar 2021.

MYND 2

Kjósendur sem fengu aðstoð í alþingiskosningum

2013-2024

	Alls	Utan kjörfundar	Á kjörfundi
2013	598	220	378
2016	574	292	282
2017	468	194	274
2021	1.213	984	229
2024	1.157	361	796

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og hefur átt lögheimili hér á landi, kosningarrétt í sextán ár frá því að hann flytur lögheimili af landinu. Eftir þann tíma skal hann sækja um til Þjóðskrár Íslands að vera tekinn á kjörskrá.

Kjörskrár verður til

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skal Þjóðskrá Íslands gera kjörskrár samkvæmt skráningu lögheimilis hvers kjósenda. Viðmiðunardagur kjörskrár skal vera 38 dögum fyrir kjördag. Þegar alþingiskosningar fara fram eftir tilkynningu um þingrof skal viðmiðunardagur kjörskrár vera 32 dögum fyrir kjördag. Í kjörskrá skal skrá nöfn kjósenda, kennitölu, lögheimili, kyn og ríkisfang. Þjóðskrá Íslands skal tryggja að fyrir hendi sé rafræn uppfletting í kjörskrá þannig að kjósendi geti með innslætti á kennitölu sinni fengið upplýsingar um hvar hann er á kjörskrá. Þjóðskrá Íslands auglýsir í Stjórnartíðindum og fjölmiðlum að búnar hafi verið til kjörskrár jafnskjótt og gerð þeirra er lokið og eigi síðar en 36 dögum fyrir kjördag. Fari alþingiskosningar fram eftir tilkynningu um þingrof skal auglýsingin birt eigi síðar en 30 dögum fyrir kjördag.

Kjósendur á kjörskrá

Við alþingiskosningarnar 30. nóvember 2024 voru 268.490 manns á kjörskrá eða 69,0% allra landsmanna. Í alþingiskosningum 2021 var þetta hlutfall einnig 69,0%. Síðasta stóra breytingin á kosningarétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 ár og fleiri takmarkandi þættir á kosningarétti rýmkaðir. Á kjörskrá árið 2024 voru 17.786 með lögheimili erlendis eða 6,6% allra sem höfðu kosningarrétt.

Kjósendur á hvern þingmann

Þó að kosningalögum hafi verið breytt árið 2000 til að jafna stærð kjördæma urðu niðurstöður úr kosningunum 2003 og 2009 þær að um það bil helmingi færri kjósendur voru í fámennasta kjördæminu, Norðvesturkjördæmi, en því fjölmennasta, Suðvesturkjördæmi. Var fjöldi þingsæta í þessum kjördæmum breytt í kjölfarið.

MYND 3

Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningunum 2024

Eftir kjördæmum

	Kjósendur á kjörskrá	Fjöldi þingmanna	Kjósendur á hvern þingmann	Kjósendur á bak við þingmann miðað við hæstu tölu í kjördæmi
Allt landið	268.485	63	4.262	.
Norðvesturkjördæmi	22.150	7	3.164	56%
Norðausturkjördæmi	31.038	10	3.104	54,9%
Suðurkjördæmi	40.997	10	4.100	72,6%
Suðvesturkjördæmi	79.088	14	5.649	100%
Reykjavíkurborg	47.617	11	4.329	76,6%
Reykjavíkurborg norður	47.595	11	4.327	76,6%

Fjöldi kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti við alþingiskosningarnar árið 2013 gaf ekki tilefni til að breyta fjölda þingsæta fyrir næstu alþingiskosningar þ.e. árið 2016. Það sama átti við að loknum alþingiskosningum 2016 sbr. auglýsingu landskjörstjórnar nr. 927/2016. Í kosningunum 2017 voru fæstir kjósendur á hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi, eða 2.690, en flestir kjósendur voru á hvern þingmann í Suðvesturkjördæmi, eða 5.350. Hlutfallið þarna á milli var undir tveimur og gaf það samkvæmt ákvæðum kosningalaga ekki tilefni til að breyta fjölda þingsæta fyrir alþingiskosningar 2021. Gaf landskjörstjórn út auglýsingu þar að lútandi 7. nóvember 2017 (nr. 944/2017). Hins vegar kom í ljós eftir kosningarnar 25. september 2021 að breyta þurfti fjölda þingmann á milli kjördæma við alþingiskosningar 2025 þannig að sjö þingsæti tilheyrðu Norðvesturkjördæmi, sex kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti en fjórtán tilheyrðu Suðvesturkjördæmi, tólf kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti. Í öðrum kjördæmum var fjöldi þingsæta sá sem tilgreindur var í 9. gr. nýrra kosningalaganna frá 20. apríl 2022. Mynd 3 sýnir að ekki þarf að breyta fjölda þingmanna á milli kjördæma fyrir næstu kosningar sem að öllu jöfnu verða haldnar á haustdögum 2028.

MYND 4

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 1971-2024

Eftir kyni

	Alls	Karlar	Konur	Kynsegin/annað
1971, 13. júní	90,4%	92,2%	88,6%	
1974, 30. júní	91,4%	92,7%	90,2%	
1978, 25. júní	90,3%	91,4%	89,1%	
1979, 2.-3. desember	89,3%	90,5%	88,2%	
1983, 23. apríl	88,3%	89,4%	87,1%	
1987, 25. apríl	90,1%	90,5%	89,7%	
1991, 20. apríl	87,6%	87,9%	87,3%	
1995, 8. apríl	87,4%	87,3%	87,5%	
1999, 8. maí	84,1%	83,8%	84,4%	
2003, 10. maí	87,7%	87,2%	88,3%	
2007, 12. maí	83,6%	83,3%	83,9%	
2009, 25. apríl	85,1%	84,5%	85,8%	
2013, 27. apríl	81,5%	81,1%	81,9%	
2016, 29. október	79,2%	78,8%	79,5%	
2017, 28. október	81,2%	80,3%	82,1%	
2021, 25. september	80,1%	78,7%	81,5%	
2024, 30. nóvember	80,2%	79,2%	81,2%	69,9%

Kosningabátttaka


Kosningabátttaka 80,2%

Við alþingiskosningarnar 30. nóvember 2024 greiddu atkvæði alls 215.395 kjósendur eða 80,2% allra kosningabærra manna. Er þetta örlítið meiri kosningabátttaka en árið 2021 (mynd 4) þegar hún var 80,1%. Bátttaka kvenna var 81,2%, 79,2% hjá körlum og 69,9% hjá kynsegin/öðrum fyrir landið í heild. Bátttökuhlutfall kvenna var heldur hærra en karla í öllum kjördæmum (mynd 5), og einnig hærra í 44 sveitarfélögum af 62. Frá og með þingkosningunum 1995 hefur kosningabátttaka kvenna verið meiri en karla en í þingkosningum fram að því var bátttaka karla ætíð meiri en kvenna.

MYND 5

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2024

Eftir kyni og kjördæmum



Hagstofa Íslands

Kosningabátttaka meiri á landsbyggð en höfuðborgarsvæði

Kosningabátttaka var mest í Norðvesturkjördæmi, 83,0% en minnst í Reykjavíkurborg norður, 78,8%. Í einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan mest í Sveitarfélaginu Skagaströnd (94,7%) en minnst í Grindavíkurbæ (68,4%). Kosningabátttaka á höfuðborgarsvæðinu öllu var 80,1% á móti 80,2% á landsbyggðinni. Var bátttaka kvenna hærra en karla í báðum tilvikum.


Kjörsókn eftir aldri

Eins og getið er nánar um á blaðsíðu 17 aflaði Hagstofa Íslands upplýsinga um kjörsókn eftir aldri við alþingiskosningarnar frá yfirkjörstjórnnum á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Óskað var eftir upplýsingum um alla kjósendur.

MYND 6

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2024

Karlar og konur eftir aldri



Hagstofa Íslands

Þátttakan hækkar með aldri


Kosningabátttakan við alþingiskosningarnar var breytileg eftir aldri en jókst með aldri almennt séð. Hún var minnst hjá aldurshópnum 20–24 ára (69,8%) og næst minnst hjá 25–29 ára (73,0%). Hæst var hlutfallið hjá 65–69 ára (90,2%) en lækkaði síðan með aldri eftir það. Var þróunin svipuð hjá körlum og konum hvað þetta varðar en konur voru með meiri þátttöku en karlar fram til 70–74 ára aldurs þegar þetta snerist við og þátttaka karla meðal þeirra eldri var meiri en kvenna (mynd 6). Athygli vekur að kosningabátttaka hjá yngsta aldurshópnum 18–19 ára var meiri en hjá þeim aldurshópnum sem næstir þeim komu.

Þegar kjörsókn eftir aldri er borin saman við alþingiskosningar 2021 er munurinn helst sá að í kosningunum 2024 var meiri þátttaka meðal þeirra yngri en minni meðal 35–79 ára.

MYND 7

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2024

Eftir aldri og kjördæmum



Hagstofa Íslands


Kjörsókn eftir aldri og kjördæmi

Sé lítið á kosningabátttökuna eftir þremur aldurshópum og kjördæmum, sbr. mynd 7, sést að í þeim öllum fer þátttakan hækkanði með aldri. Var þátttaka 18–29 ára minnst í Norðausturkjördæmi (65,7%) en mest í Suðvesturkjördæmi (73,8%). Nokkuð aðra sögu var að segja af 30–39 ára en þar var kjörsóknin minnst í Reykjavíkurborgkjördæmi suður (73,2%) og hæst í Norðvesturkjördæmi (78,3%). Þátttaka 40 ára og eldri reyndist vera yfir meðaltali kjörsóknar í öllum kjördæmunum (mynd 7).

MYND 8

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2024

Karlar og konur eftir bakgrunni



Hagstofa Íslands

Kosningabátttaka eftir bakgrunni

Innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Kosningabátttakan var mest meðal kosningabærra einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa, eða 83,4% (mynd 8). Því næst komu þeir sem fæddir eru erlendis en með íslenskan bakgrunn (76,2%). Kosningabátttakan var töluvert minni hjá einstaklingum sem fæddir eru á Íslandi með annað foreldri erlent (68,5%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis með annað foreldri erlent (50,7%). Minnst var kosningabátttakan hjá annarri kynslóð innflytjenda (44,3%) og meðal innflytjenda eða (41,2%).


Kosningabátttaka eftir menntun

Í fyrsta sinn síðan Hagstofa Íslands hóf miðlun kosningaskýrsla er nú boðið upp á greiningu á kosningabátttöku eftir menntun fyrir bæði árin 2021 og 2024. Niðurstöðurnar sýna skýran mun á kosningabátttöku eftir menntunarstigum. Kosningabátttakan var mest á meðal háskólamenntaðra eða 86,8% árið 2024 (mynd 9). Næstmest var kosningabátttaka á meðal þeirra sem höfðu framhaldsskólamenntun (81,3%) og minnst var kosningabátttakan á meðal grunnskólamenntaðra (71,1%). Sama þróun var sjáanleg fyrir árið 2021 en það ár var hlutfall háskólamenntaðra 86,8%, hlutfall grunnskólamenntaðra 71,6% og hlutfall framhaldsskólamenntaðra 80,9%.

MYND 9

Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2024

Eftir menntun og kjördæmum



Hagstofa Íslands


Kjørsókn eftir aldri og stærð sveitarfélaga

Á heildina litið var mynstrið það sama í mismunandi stærð sveitarfélaga, kosningabátttakan jókst með hækkandi aldri (mynd 10). Var bátttakan minnst í fjölmennasta sveitarfélaginu, Reykjavík (78,8%) en mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (84,0%). Í aldurshópi 18–29 ára var bátttakan minnst í sveitarfélögum með 5.000–9.999 íbúa (68,3%). Í sama aldurshópi var kjørsóknin hins vegar mest í stærsta sveitarfélaginu Reykjavík (73,6%) en hjá 30–39 ára var hún mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (79,2%). Hjá 40 ára og eldri var kosningabátttakan mest í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum (88,4%).

MYND 10

Kjørsókn í alþingiskosningum 2024

Eftir íbúafjölda í sveitarfélögum og aldri



Hagstofa Íslands

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósendur sem gera ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða geta ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samanber XII. kafla kosningalaga (númer 112/2021).


20,9% atkvæða utan kjörfundar

Af þeim sem greiddu atkvæði í þingkosningunum 2024 skiluðu 44.965 manns atkvæði sínu utan kjörfundar, eða 20,9% kjósenda (mynd 11). Í þingkosningunum 2021 var hlutfallið 23,4% en það ár gætti enn áhrifa heimsfaraldurs. Fleiri konur en karlar greiddu atkvæði utan kjörfundar, 21,4% á móti 20,3% karla. Hæst var hlutfallið í Norðausturkjördæmi (28,7%) en lægst í Suðvesturkjördæmi (18,9%). Hlutfall utankjörfundaratkvæða af kjósendum á kjörskrá var 16,7% samanborið við 18,7% árið 2021. Hlutfall kynsegin/annarra var 6,5% af greiddum atkvæðum árið 2024.

MYND 11

Utankjörfundaratkvæði í alþingiskosningum 2024

Hlutfall af greiddum atkvæðum eftir kyni



Framboðslistar og frambjóðendur

11 stjórnmalasamtök buðu fram


Í alþingiskosningunum 2024 buðu alls ellefu stjórnmalasamtök fram lista þar af níu í öllum kjördæmunum sex. Til samanburðar buðu árið 2021 ellefu stjórnmalasamtök fram í öllum kjördæmum. Samtökin sem buðu fram 2024 voru:

Framsóknarflokkur (B), Viðreisn (C), Sjálfstæðisflokkur (D), Flokkur fólksins (F), Sósíalistaflokkur Íslands (J), Lýðræðisflokkurinn - samtök um sjálfsákvörðunarrétt (L), Miðflokkurinn (M), Píratar (P), Samfylkingin (S), Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V) og Ábyrg framtíð (Y).

MYND 12

Frambjóðendur til alþingiskosninga 1987-2024

Eftir kyni




Fleiri karlar en konur í framboði

Boðnir voru fram 61 framboðslistar á landinu öllu í kosningunum 2024 en það var sami fjöldi og í kosningum 2021. Frambjóðendur voru alls 1.213 og skiptust þeir í 643 karla, 565 konur og 5 kynsegin/aðrir. Hlutfall karla af frambjóðendum var 53,0% en kvenna 46,6% og er þetta 0,6% lægra hlutfall kvenna en í kosningunum 2021 þegar hlutur þeirra var 47,2% (mynd 12). Einungis einu sinni hafa konur verið fleiri en karlar meðal frambjóðenda en það var í alþingiskosningunum 1995.

Frambjóðendur í alþingiskosningum 2024

Hlutfall karla og kvenna niður á stjórnmálasamtök

■ Karlar ■ Konur



Hagstofa Íslands


Höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Karlar voru í meirihluta allra frambjóðenda á lista bæði á höfuðborgarsvæðinu (52,7%) og landsbyggðinni (53,2%) og átti það einnig við um frambjóðendur í 1.–3. sæti þar sem hlutfall karla á landsbyggðinni var 50,0% meðan hlutfall karla á höfuðborgarsvæðinu var 52,7%.

Frambjóðendur í 1.-3. sæti í alþingiskosningum 2024

Hlutfall karla og kvenna niður á stjórnmálasamtök

■ Karlar ■ Konur



Hagstofa Íslands

Frambjóðendur eftir stjórnmálasamtökum


Skipting frambjóðenda eftir kyni var nokkuð mismunandi eftir stjórnmálasamtökum. Hæst var hlutfall kvenna hjá Pírötum eða 57,7% (mynd 13). Almenn má segja að kynjaskiptingin hafi verið nokkuð jöfn hjá átta flokkum eða á bilinu 43%-56% en það var hjá Vinstrihreyfingunni - grænu framboði (56,3%), Samfylkingunni (52,4%), Viðreisn (50,0), Framsóknarflokki (49,2%), Flokki fólksins (47,6%), Sjálfstæðisflokki (46,0%) og Sósiálistaflokki Íslands (44,7%). Hlutfur kvenna var minni hjá Miðflokki (34,1%), Lýðræðisflokknum - samtök um sjálfsvörðunarrétt (25,4%) og Ábyrgri framtíð (21,4%).

Þegar skoðuð er skipting frambjóðenda í 1.–3. sæti eftir kyni kemur í ljós nokkuð breytt mynstur (mynd 14). Þá reyndist hlutfall kvenna vera hæst í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði (61,1%), Pírötum (55,6%) og Framsóknarflokki (55,6%). Hjá þremur stjórnmálasamtökum reyndist hlutfallið vera 50% en það var hjá Samfylkingunni, Sósíalistaflokki Íslands og Sjálfstæðisflokki. Hjá fimm flokkum voru karlar í meirihluta frambjóðenda í 1.–3. sæti en það voru Flokkur fólksins (55,6%), Viðreisn (55,6%), Miðflokkurinn (61,1%), Lýðræðisflokkurinn - samtök um sjálfsákvörðunarrétt (61,1%) og Ábyrg framtíð (66,7%).

MYND 15

Meðalaldur frambjóðenda í alþingiskosningum 2024

Eftir kjördæmum og kyni



Hagstofa Íslands


Meðalaldur frambjóðenda var 49,8 ár

Meðalaldur frambjóðenda á kjördag 30. nóvember 2024 var 50,0 ár, meðalaldur karla 49,9 ár og kvenna nokkru lægri eða 47,5 ár (mynd 15). Meðalaldur frambjóðenda var hæstur í Suðvesturkjördæmi (50,2 ár) en lægstur í Norðausturkjördæmi (45,5 ár).

MYND 16

Aldursdreifing frambjóðenda í alþingiskosningum 2024

■ Karlar ■ Konur ■ Kynsegin/annað



Hagstofa Íslands

Meðalaldur karla var hærri en kvenna hjá níu samtökum af 11 sem buðu fram. Meðalaldur frambjóðenda var hæstur hjá Flokki fólksins 58,1 ár og lægstur hjá Pírötum 41,7 ár. Tæplega sex af hverjum 10 frambjóðendum í heild var á aldrinum 30–69 ára (mynd 16). Yngstu frambjóðendurnir voru 18 ára en sá elsti 95 ára.

Úrslit kosninganna 30. nóvember 2024

Niðurstöður landskjörstjórnar

Í alþingiskosningunum 2024 voru greidd atkvæði alls 215.216 samkvæmt skýrslu landskjörstjórnar um úrslit kosninganna. Gild atkvæði voru þar talin 212.470, auðir seðlar 2.438 og aðrir ógildir seðlar 308.

MYND 17

Úrslit alþingiskosninga 2024

Gild atkvæði, hlutfallsleg skipting og þingsæti eftir stjórnmálaflokkum

Flokkur	▼ Gild atkvæði	Hlutfall	Þingsæti
Samfylkingin (S)	44.091	20,8%	15
Sjálfstæðisflokkur (D)	41.143	19,4%	14
Viðreisn (C)	33.606	15,8%	11
Flokkur fólksins (F)	29.288	13,8%	10
Miðflokkurinn (M)	25.699	12,1%	8
Framsóknarflokkur (B)	16.579	7,8%	5
Sósíalistaflokkur Íslands (J)	8.422	4,0%	0
Píratar (P)	6.411	3,0%	0
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	4.974	2,3%	0
Lýðræðisflokkur - samtök um sjálfsákvörðunarrétt (L)	2.215	1,0%	0
Ábyrg framtíð (Y)	42	0,0%	0

Hagstofa Íslands

Átta stjórnmálasamtök með kjörna þingmenn

Sex af þeim 11 stjórnmálasamtökum sem buðu fram fengu þingmenn kjörna og fækkaði flokkum um tvo frá kosningunum 2021. Samfylkingin hlaut flest atkvæði á landinu öllu, 44.091, en það jafngildir 20,8% af öllum gildum atkvæðum og fékk 15 þingsæti (mynd 17). Sjálfstæðisflokkur fékk 41.143 atkvæði, 19,4% og 14 þingmenn. Viðreisn fékk 33.606 atkvæði, 15,8% og 11 þingmenn. Flokkur fólksins fékk 29.288 atkvæði, 13,8% og 10 þingmenn kjörna. Miðflokkurinn fékk 25.699 atkvæði, 12,1% og átta menn kjörna og Framsóknarflokkurinn fékk 16.579 atkvæði, 7,8% og fimm menn kjörna. Önnur stjórnmálasamtök, fimm talsins, fengu hvert um sig minna en 5% gilda atkvæða og því engan mann kjörinn (5% er lágmark til að fá þingmann kjörinn) en samtals fengu þau 22.064 atkvæði (10,4%).

Fylgisbreytingar

Nokkur breyting varð á fylgi stjórnmálasamtaka í alþingiskosningunum 2024 miðað við kosningarnar 2021. Fern samtök bættu hlutfallslegt fylgi sitt, þ.e. Samfylkingin, Viðreisn, Flokkur fólksins og Miðflokkurinn. Fimm samtök sem voru með þingmenn kjörna 2021 töpuðu fylgi, þ.e. Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Vinstrihreyfingin - grænt framboð, Píratar og Sósiálistaflokkur Íslands.

Fylgi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Fylgi Framsóknarflokks var hlutfallslega rúmlega helmingi meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Fylgið var einnig meira á landsbyggð miðað við höfuðborgarsvæðið hjá Flokki fólksins og Miðflokki. Fylgi Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var hins vegar meira á höfuðborgarsvæði en landsbyggð.

MYND 18

Gildir seðlar, auðir og ógildir í alþingiskosningum 2003-2024

	Gild atkvæði	Auðir seðlar	Ógildir seðlar
2003	98,8%	1,0%	0,2%
2007	98,4%	1,4%	0,2%
2009	96,5%	3,2%	0,3%
2013	97,5%	2,2%	0,3%
2016	97,2%	2,5%	0,3%
2017	97,3%	2,4%	0,4%
2021	97,9%	1,8%	0,3%
2024	98,7%	1,1%	0,1%

Hagstofa Íslands

Auð atkvæði 1,1% og önnur ógild atkvæði 0,1%

Greidd atkvæði í alþingiskosningum skiptast í gild atkvæði, auða seðla og ógilda. Kosningaþátttaka reiknast út frá greiddum atkvæðum í heild en fylgi stjórnmalasamtaka út frá gildum atkvæðum. Ævinlega verður nokkur fjöldi greiddra atkvæða ógildur í kosningum ýmist sökum þess að kjósendi skilar auðum seðli eða ómerkir hann viljandi eða af vangá. Í kosningunum 2024 skiluðu 2.438 kjósendur auðum seðlum en það samsvarar 1,1% greiddra atkvæða (mynd 18). Þá töldust 308 atkvæðaseðlar ógildir sem jafngildir 0,1% greiddra atkvæða. Samanlögð tala auðra og ógildra atkvæða var því 2.746 eða 1,3% greiddra atkvæða. Er þetta heldur lægra hlutfall en í alþingiskosningunum 2021 (2,1%). Árið 2024 var hlutfall auðra seðla á bilinu 1,4–2,5% eftir kjördæmum og hlutfall ógildra atkvæða á bilinu 0,2% til 0,3%.

MYND 19

Úthlutun þingsæta 2024

Eftir kjördæmum og skiptingu kjördæmis- og jöfnunarsæta

	Heildartala sæta	Tala kjördæmissæta	Tala jöfnunarsæta
Landið allt	63	54	9
Norðvesturkjördæmi	7	6	1
Norðausturkjördæmi	10	9	1
Suðurkjördæmi	10	9	1
Suðvesturkjördæmi	14	12	2
Reykjavíkurborg	11	9	2
Reykjavíkurborg norður	11	9	2

Hagstofa Íslands

Kjörnir þingmenn

Úthlutun þingsæta samkvæmt lögum númer 112 frá árinu 2021

Þingmönnum fjölgaði úr 60 í 63 í alþingiskosningunum 1987 á grundvelli breytingar á stjórnarskránni árið 1984. Hefur sá fjöldi þingmanna haldist síðan þrátt fyrir að kosningalög hafi verið endurskoðuð á tímabilinu. Lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 kváðu hins vegar á um breytta skipan við úthlutun þingsæta en fyrst var kosið eftir þeim lögum í alþingiskosningunum 2003. Í mynd 19 er sýnd úthlutun þingsæta eftir kjördæmum en fyrir þá sem vilja kynna sér nágildandi úthlutunarreglur nánar vísast til III. kafla í núverandi lögum númer 112 frá 2021 sem fjallar um kjördæmi og kjördeildir í áðurnefndum lögum.


Konum á Alþingi fækkar

Af 63 þingmönnum sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 2024 voru 34 nýir þingmenn, það er þeim hafði ekki verið úthlutað þingsæti með kjörbréfi eftir kosningarnar 2021. Fjöldi nýrra þingmanna var 27 eftir kosningarnar 2021. Kjörnir voru í kosningunum 2024 34 karlar (54,0%) og 29 konur (46,0%) og fækkaði um eina konu á meðal þingmanna frá kosningunum 2021 (mynd 20). Fjöldi þeirra jafngildir 85 konum á hverja 100 kjörna karla en hlutfallið var 91 árið 2021.

MYND 20

Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum 1953-2024

Eftir kyni



Hagstofa Íslands

Hlutfall kvenna á þingi var 5% árið 1974 en 46% 2024

Árið 1974 voru þrjár konur kjörnar á þing (5%) og fjölgaði þeim ekki fyrr en árið 1983 er nú konur voru kjörnar en það samsvaraði 15% þingmanna. Hlutfall kvenna á þingi hækkaði síðan smám saman fram til ársins 1999 þegar 22 konur voru kjörnar eða 35% allra þingmanna. Síðan hefur konum á Alþingi ýmist fækkað eða fjölgað en flestar hafa þær orðið 30 (47,6%) við kosningarnar 2016 og 2021. Konum fækkaði hins vegar um eina í kosningunum 2024 en þá voru þær 29 (46,0%).


Tæplega tveir af hverjum þremur þingmönnum 40–59 ára

Sé litið á aldursskiptingu kjörinna þingmanna við alþingiskosningarnar 2024 kom í ljós að tveir þingmenn voru undir þrítugu, báðir karlar, en þrír í kosningunum 2021. Átta þingmenn voru 30–39 ára (12,7%). Tæplega einn af hverjum fjórum þingmönnum voru 40–59 ára (20,6% karla og 31,0% kvenna) og 23,8% þingmanna var 60 ára og eldri, (26,5% karla og 20,6% kvenna) (mynd 21).

MYND 21

Kjörnir þingmenn 2024

Eftir kyni og aldri



Hagstofa Íslands

Yngsti þingmaðurinn 26 ára og sá elsti 71 árs

Meðalaldur þingmanna sem kjörnir voru við alþingiskosningarnar 2024 var 51,2 ár en hann var 48,5 ár við kosningarnar 2021. Var meðalaldur kjörinna karla 52,3 ár og kvenna 50,0 árið 2024. Meðalaldur varaþingmanna var hins vegar nokkru lægri, 48,2 ár hjá körlum og 43,3 ár hjá konum. Meðalaldur kjörinna þingmanna var hæstur 55,4 ár í Suðvesturkjördæmi en lægstur 49,4 ár í Norðausturkjördæmi. Yngsti þingmaðurinn var 26 ára og sá elsti 71 árs á kjördegi.


Hluttur kjörinna kvenna 37%–53% eftir flokkum

Hluttur kynja meðal þingmanna var breytilegur eftir stjórnmálaflokkum. Var hluttur kvenna minnstur 36,4% í Viðreisn og mestur tæp 53,3% hjá Samfylkingunni. Hjá einum stjórnmálasamtökum voru fleiri konur en karlar meðal þingmanna, hjá Samfylkingunni, en því var öfugt farið hjá þremur samtökum (Miðflokki, Viðreisn og Framsóknarflokki). Hjá tveimur flokkum, Sjálfstæðisflokki og Flokki fólksins, var fjöldi kvenna og karla jafn (mynd 22).

MYND 22

Kjörnir þingmenn 2024

Eftir kynjahlutfalli og stjórnmálasamtökum



Hagstofa Íslands

Karlar meirihluti þingmanna en konur meirihluti varaþingmanna


Fleiri konur en karlar voru kjörnar í Norðvesturkjördæmi, Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Í hinum þremur kjördæmunum var þessu öfugt farið. Hlutfall karla var hæst í Norðausturkjördæmi 80,0% (mynd 23).

Skipting varaþingmanna eftir kyni var á annan veg því að í þeim hópi voru konur í meirihluta, eða 34 (54,0%), og karlar 26 (46,0%). Sé fjöldi þingmanna og varaþingmanna tekinn saman var fjöldi karla og kvenna 63. Eins og áður er getið voru fleiri karlar en konur í framboði í kosningunum 2024 en hlutfall karla var 53,0% og kvenna 47,0%.

MYND 23

Kjörnir þingmenn og varaþingmenn 2024

Eftir kynahlutfalli og kjördæmum



Hagstofa Íslands


Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir bakgrunni

Flestir kjörnir alþingismenn teljast til einstaklinga sem engan erlendan bakgrunn hafa eða 92,1%. Því næst komu alþingismenn sem fæddir eru erlendis en með íslenskan bakgrunn (3,2%). Fjöldi þingmanna var minni hjá einstaklingum sem fæddir eru á Íslandi með annað foreldri erlent (1,6%) og hjá þeim sem fæddir eru erlendis, með annað foreldri erlent (1,6%). Engir alþingismenn tilheyra flokkunum önnur kynslóð innflytjenda en einn þingmaður (1,6%) tilheyrði flokknum innflytjendur (mynd 24).

MYND 24

Frambjóðendur og þingmenn 2024

Eftir bakgrunni



Hagstofa Íslands

Um gögnin

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í XX. kafla um Hagskýrslugerð nýrra kosningalaga nr. 112 frá árinu 2021 er nánar rætt um skýrslur og upplýsingar til Hagstofu Íslands.

Í aðdraganda alþingiskosninganna 30. nóvember 2024 lét Hagstofan kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum kjördæma í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnnum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar.

Hagstofan fékk einnig afrit af kjörskrá frá Þjóðskrá Íslands. Á kjörskrá sem Þjóðskrá birti í frétt þann 1. nóvember 2024 voru skráðir alls 268.422 kjósendur. Yfirkjörstjórnir sendu Hagstofunni fjöldatölu yfir þá sem á kjörskrá voru eftir kosningar og þar var fjöldi á kjörskrá 268.490, eða 68 fleiri en á upphaflegri kjörskrá Þjóðskrár Íslands.

Upplýsinga aflað um aðstoð við kosningu

Hagstofa aflaði jafnframt upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar samanber lög nr.112/2021 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Hagstofan sendi við alþingiskosningarnar eins og við forsetakjör 2024 og alþingiskosningar 2021, rafræn skráningarskjöl um kjörsókn eftir aldri til yfirkjörstjórna kjördæma með ósk um að þau yrðu fyllt út að kosningum loknum og send Hagstofunni rafrænt. Leitast var við að minnka svarbyrði kjörstjórna og að hafa persónuverndar sjónarmið í fyrirrími við söfnun upplýsinga.

Hagstofan fékk lista yfir frambjóðendur, skýrslur yfirkjörstjórna og greinargerð um úrslit kosninganna frá Landskjörstjórn vegna skýrslugerðarinnar. Auk þess fékk Hagstofan afrit af skýrslu úthlutunarnefndar landskjörstjórnar frá 10. desember 2024 varðandi lokaniðurstöður kosninganna. Munur var í tölum um kjörsókn eftir aldri sem kemur í ljós þegar þær eru bornar saman við grunnskýrslur sem einnig koma frá yfirkjörstjórnnum. Þannig reyndist kosningaþátttökan eftir aldri vera 222 atkvæðum lægri yfir landið í heild en hún í raun var miðað við grunntölur frá yfirkjörstjórnnum. Munaði þar mestu um skekkju í tölum frá Reykjavíkurborg kjördæmi suður en þar reiknaðist kosningaþátttökan eftir aldri vera 164 atkvæðum lægri en hún í raun var miðað við grunntölur yfirkjörstjórnar. Í Reykjavíkurborg kjördæmi norður reyndist skekkjan vera -142 atkvæði og 127 atkvæði í Suðurborg kjördæmi. Misræmið var undir 100 í öðrum kjördæmum.

Mismunur greiddra atkvæða og talinna atkvæða

Samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna til Hagstofunnar um kosningaþátttöku var fjöldi greiddra atkvæða á kjörfundi og utan kjörfundar alls 215.395 eða 179 atkvæðum færri en talin atkvæði samkvæmt úrslitum kosninganna. Mesta ósamræmið á milli Landskjörstjórnar og aðsendra skýrslna yfirkjörstjórna til Hagstofunnar var að finna í Suðurborg kjördæmi (-90), Suðvesturborg kjördæmi (-85) og Reykjavíkurborg kjördæmi suður (-14). Mismunur var einnig að finna í Norðvesturborg kjördæmi (11) og Reykjavíkurborg kjördæmi norður (-1).

Flokkun menntunar byggir á ÍSMENNT2011 sem byggir á alþjóðaflokkunarkerfinu ISCED97. Fyrir kosningarnar 2024 var miðað var við menntunarstöðu einstaklinga eins og hún stóð í lok árs 2023 og fyrir árið 2021 var miðað við menntun einstaklinga eins og hún stóð í lok árs 2021.

English summary

General elections to the Icelandic parliament, Althingi, were held on 30 November 2024 under Act No 112 from May 2021. There are now six constituencies of which two are in Reykjavík. The total number of voters on the electoral roll was 268.490 or 69.0% of the total population. Participation of voters in the general elections was 215.395 or 80.2% of the total number of voters on the electoral roll. Participation of female voters was slightly higher than that of male voters or 81.2% women compared with 79.2% men. The participation was lower among young voters than the older ones. Voter turnout was 83.4% among individuals with no foreign background, while it was 41.2% among immigrants. Voter turnout was highest among those with a university education, or 86.8% in 2024. This was followed by those with an upper secondary education, with 81.3%, and the lowest voter turnout was among those with a primary education, or 71.1%. In the elections, 44,965 people cast their votes outside the polling station, or 20.9% of voters, while the comparable rate was 23.4% in the 2021 elections.


A total of eleven political organisations offered candidate lists in the elections of which nine offered lists in all constituencies. Of the 1,213 candidates, there were 643 men (53.0%) compared with 570 women (47.0%). Women made up almost half of the candidates in the first to third places on the lists (48.1%). Of the elected members of parliament, 34 were men or 54.0% and 29 were women, 46.0%. The number of elected women decreased by one since the 2021 elections.

A total of sixty-three members were elected to Althingi in the general elections on 30 November 2024, 34 men and 29 women. Other results of the general elections were as follows: The Progressive Party (B) received 7.8% of the valid votes and five elected members, Reform (C) 15.8% and eleven members, the Independence Party (D) 19.4% of votes and 14 elected members, the People's Party (F) 13.8% and ten members, the Central Party (M), 12.1% and eight members and the Social Democratic Alliance (S) 10.8% and 15 elected members. Other political organizations did not receive the minimum of 5% of votes to have a member elected. Together they received 10.4% of valid votes.

FIGURE 1

Results of general elections to the Althingi 2024

By constituency



Statistics Iceland

FIGURE 3

Voters on the electoral roll in general elections per member of the Althingi 2024

By constituency


	Voters on electoral roll	Althingi members	Voters per seat in Althingi	Voters per member of Althingi
Whole country	268,485	63	4,262	-
Northwest constituency	22,150	7	3,164	56.0%
Northeast constituency	31,038	10	3,104	54.9%
South constituency	40,997	10	4,100	72.6%
Southwest constituency	79,088	14	5,649	100.0%
Constituency of Reykjavik south	47,617	11	4,329	76.6%
Constituency of Reykjavik north	47,595	11	4,327	76.6%

Statistics Iceland

FIGURE 5

Participation in the general elections 2024

By sex and constituency




Statistics Iceland

FIGURE 7

Participation in general elections 2024

By age and constituency




Statistics Iceland

FIGURE 9

Participation in the general elections 2024

By education and constituency




Statistics Iceland

FIGURE 2

Voters receiving assistance in general elections

2013-2024




Statistics Iceland

FIGURE 4

Participation in elections to Althingi 1971-2024

By sex




Statistics Iceland

FIGURE 6

Participation in general elections 2024

By sex and age




Statistics Iceland

FIGURE 8

Participation in the general elections 2024

By background




Statistics Iceland

FIGURE 10

Participation in the general election 2024

By size of municipality and age



Statistics Iceland

FIGURE 11

Absentee votes in the general elections 2003-2024

Percentage of votes cast by sex




FIGURE 13

Candidates in the general elections 2024

By sex ratio and political organizations




FIGURE 15

Average age of candidates in the general elections 2024

By constituency and sex




FIGURE 17

Voting results 2024

Number of valid votes, percentage and members elected for each political organization.




FIGURE 12

Candidates in general elections 1987-2024

By sex




FIGURE 14

Candidates in 1st-3rd place on lists in the general elections 2024

By sex ratio and political organization




FIGURE 16

Candidates in the general elections 2024

By sex and age groups




FIGURE 18

Valid, blank and void ballots in the general elections 2003-2024




FIGURE 19

Allocation of parliamentary seats 2024

By constituency

	Seats total	Seats allocated by constituency	Adjustment seats
Whole country	63	54	9
Northwest constituency	7	6	1
Northeast constituency	10	9	1
South constituency	10	9	1
Southwest constituency	14	12	2
Constituency of Reykjavik south	11	9	2
Constituency of Reykjavik north	11	9	2

 Statistics Iceland

FIGURE 21

Elected members to Althingi 2024

By age and sex

	Males	Females
18-29 years	5.9%	0.0%
30-39 years	5.9%	20.7%
40-49 years	20.6%	31.0%
50-59 years	41.2%	27.6%
60-69 years	26.5%	17.2%
70-79 years	0.0%	3.4%

 Statistics Iceland

FIGURE 23

Elected members of Alþingi and substitutes in 2024

By sex ratio and constituency

	Male Members of Alþingi	Male Substitutes	Female Members of Alþingi	Female Substitutes
Whole country	54.0%	46.0%	46.0%	54.0%
Northwest constituency	42.9%	57.1%	57.1%	42.9%
Northeast constituency	80.0%	30.0%	20.0%	70.0%
South constituency	60.0%	40.0%	40.0%	60.0%
Southwest constituency	42.9%	50.0%	57.1%	50.0%
Constituency of Reykjavik south	45.5%	54.5%	54.5%	45.5%
Constituency of Reykjavik north	54.5%	45.5%	45.5%	54.5%

 Statistics Iceland

FIGURE 20

Elected members to Althingi 1953-2025

By sex

	Men	Women
1953	52	0
1956	51	1
1959, June	51	1
1959, October	58	2
1963	59	1
1967	59	1
1971	57	5
1974	57	3
1978	57	3
1979	57	3
1983	51	9
1987	50	13
1991	48	15
1995	47	16
1999	41	22
2003	44	19
2007	43	20
2009	36	27
2013	38	25
2016	33	30
2017	39	24
2021	33	30
2024	34	29

 Statistics Iceland

FIGURE 22

Elected members to Althingi 2024

By sex ratio and political organization

	Males	Females
Total	54.0%	46.0%
The Social Democratic Alliance (S)	46.7%	53.3%
Independence Party (D)	50.0%	50.0%
The People's Party (F)	50.0%	50.0%
Progressive Party (B)	60.0%	40.0%
The Central Party (M)	62.5%	37.5%
Reform (C)	63.6%	36.4%

 Statistics Iceland

FIGURE 24

Candidates and elected members to Althingi 2024

By origin

	Candidates	Members of Alþingi	Substitutes
No foreign background	91.3%	92.1%	92.1%
Born in Iceland, one parent born abroad	2.1%	1.6%	1.6%
Born in Iceland, both parents born abroad	0.2%	0.0%	3.2%
Born abroad, both parents born in Iceland	1.8%	3.2%	0.0%
Born abroad, one parent born abroad	0.9%	1.6%	0.0%
Immigrant	3.6%	1.6%	3.2%

 Statistics Iceland

Hagtíðindi

Kosningar

Statistical Series *Elections*

110 árg. ♦ 7. tbl. 15. september 2025

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Brynjólfur Sigurjónsson ♦ Brynjolfur.Sigurjonsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.